

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar hefur iðnaðarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:

á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja	3,13 kr./kWst,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	3,42 kr./kWst,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	2,51 kr./kWst,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	2,57 kr./kWst,
á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í dreifbýli	3,20 kr./kWst,
á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í þéttbýli	2,72 kr./kWst.

b) niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum skal vera 2,04 kr./kWst eða 91,80 kr./m³.

c) niðurgreiðsla á olíu til húshitunar:

niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis:

niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,23 kr./kWst.

Um hámark niðurgreiðslna fer samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 78/2002.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi nú þegar.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. apríl 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.